



Síðastliðinn laugardag náði Sigurður Eyjólfur þessari einstaklega flottu mynd af Vepju. Myndin er tekin við Pétursey í Mýrdal. Vepja, sem er af lóuætt, er frekar algengur flækjngur á Íslandi og sést hann þá helst á veturna.

Meirihlutinn vill fá Pétur G. Markan sem næsta bæjarstjóra

Ítilkynningu frá Hveragerðisbæ segir að meirihluti bæjarstjórnar hafi gert það að tillögu sinni að ráða Pétur G. Markan sem næsta bæjarstjóra á aukafundi bæjarstjórnar sem haldinn var þann 2. apríl sl.

Pétur hefur sinnt embætti biskupsritara og stýrt sam-

skiptamálum kirkjunnar og verið sem slíkur hluti af yfir- stjórn Þjóðkirkjunnar. Þar á undan var Pétur sveitarstjóri Súðavíkurbrepps og leiddi hagsmunabaráttu sveitarfélaga á svæðinu sem formaður fjórðungssambands Vestfjarða og formaður Vestfjarðarstofu.



Samningur um viðhald gamalla sæluhúsa

Samningur var undirritaður á milli Ásæls, áhugafélags um uppbyggingu sæluhúsa á Hrunamannaafreitti og Hrunamannahrepps á aðalfundi félagsins sem haldinn var á 20 ára afmælisdegi félagsins, þann 18. mars sl.

Tilgangur samningsins er að viðhaldið verði þeim menningararfí sem felst í gömlum sæluhúsum á afreitti Hrunamanna og að viðurkennt sé mikilvægi sjálfbodinna starfa eins og þeirra sem félagar í Ásæl hafa sinnt með eftirtektarverðum hætti við uppbyggingu og við-

hald sæluhúsa á afreitinum síðustu tvo áratugina

Félagar í Ásæl hafa byggt upp og endurnýjað að hluta eða að öllu leyti gömul sæluhúsi í Leppistungum, í Svinárnesi, í Fosslæg og í Mikluöldubotnum. Fosslægur hefur verið helsta stolt félagsins og snýr samningurinn ekki síst að viðhaldi þess skála sem og viðhaldi á gömlum torfhúsum í Svinárnesi og Leppistungum ásamt viðhaldi á nýju húsi í Mikluöldubotnum.

Samningurinn er í gildi í þrjú ár og á samningstímanum skuldbinda félagar í Ásæl sig

til að lagfæra torf á skálunum, bera á timburverk, klára framkvæmdir í Mikluöldubotnum, halda árlega opinn viðburð tengdum starfi félagsins og sjá til þess að umhverfi skálanna sé til sóma. Í staðinn greiðir Hrunamannahreppur félaginu kr. 1.235.000,- á þeim þremur árum sem samningurinn gildir.

Á fundinum færði Hrunamannahreppur félaginu kamínu í 20 ára afmælisgjöf en vonir standa til að kamínan muni nýtast félagsmönnum sem og öðrum gestum í einum af skálunum á afreitinum.



Frá undirskriftinni. Mynd: Hrunamannahreppur.

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirikinn.is

Arvirikinn



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
 Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
 Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

#fruforseti



LÝÐRÆÐI
TJÁNINGARFRELSI
JAFNRÆÐI

www.sigridurhrund.is

Fylgdu Sigríði Hrunnd á samfélagsmiðlum @fruforseti

Þorpin og sköpunarkrafturinn

Ideas Factory Association (FIA) í Búlgaríu og Gullkistan, miðstöð sköpunar á Laugarvatni kynna samstarfsverkefnið Revitalizing Villages with Access to Culture // Endurlífingun þorpa með aðgengi að menningu. Verkefnið raungerðist í frjóu samstarfi 15 búlgarska listamanna og Ideas Factory Association ásamt Gullkistunni, miðstöð sköpunar sem varð samstarfsaðili. Markmiðið var að leita áráðinna leiða til að örva skapandi hugsun í 6 þorpum á jaðarsvæðum þar sem samdráttur er ríkjandi.

Verk sýnd í Gullkistunni
 Laugardaginn 6. apríl kl. 11-17 verða 15 verk búlgarska listamanna sýnd í Gullkistunni miðstöð sköpunar, Dalbraut 1, Laugarvatni. Verkin sem sett verða upp á Laugarvatni sýna afrakstur þeirra 15 búlgörsku listamanna sem dvöldu, í einn mánuð hver, í einhverju þorpanna sex sem tóku þátt í verkefninu BABA residence. Þorpin eru í Norðvestur-Búlgaríu, fátækasta héraði landsins. Listamennirnir bjuggu inni á heimilum, voru þátttakendur í heimilislífinu og stóðu fyrir fjölda

menningarviðburða á meðan á dvölinni stóð. Sýningin á Laugarvatni og umræður henni tengdar endurspeglu gefandi samstarf Gullkistunnar og Ideas Factory í leitinni að framsæknu líkani til að efla þorp í gegnum skapandi starfsemi. Nöfn listamanna eru: Aneta Mankovska (myndhöggvari og handverk), Antoaneta Quick (myndlistarmaður), Elena Stoycheva (kvikmyndaleikstjóri), Evgeni Mladenov (myndlistarmaður), Illiyana Grigorova (ljósmynd-

ari), Kalin Mihov (listmálari), Maria Makedonska (teiknari og kvikmyndagerðarmaður), Mirela Karadzhoza (myndlistarkona og móðir 24/7), Monika Igarenska (myndhöggvari), Nicola Zambelli (kvikmyndagerðarmaður), Sarah Craycraft (þjóðsagnarithöfundur og ljósmyndari), Stoyan Kostadinov (tónlistarmaður og semur ljóð), Vasil Kostadinov (landfræðingur og fararstjóri), Viktoriya Velcheva (vídeólistamaður), Yohana Shopova (tónlistarmaður).



Tíu lið mættu á héraðsmót unglunga í blaki

Héraðsmót unglunga í blaki var haldið á Hvolsvelli föstudaginn þann 22. mars sl. og mættu samtals tíu lið til leiks frá fimm félögum. Unglingamót HSK var fyrst haldið árið 1980 og frá 1999 hefur verið keppt í drengja- og stúlknaflökki á mótinu. Það var gaman að sjá kepp-

endur að nýju úr uppsveitum Árnessýslu, en Laugdælir sendu lið í báða flokka. Unglingar þaðan hafa ekki mætt á móti síðan 2015. Þá sendu Laugdælir og Hrunamenn sameiginlegt lið í stúlknaflökk og hafa Hrunamenn ekki verið meðal þátttakenda á mótinu síðan árið 2000. Spilað var upp í 21 stig

í hrinu og leiknar voru tvær hrinur í hverjum leik, þ.e. engin oddahrina. Dímon vann HSK meistartitilinn bæði í stúlkna- og drengjaflokki, eins og oft áður. Dímon hefur nú unnið drengjaflokkinn í 20 skipti og 19 sinnum hefur félagið fagnað sigri í stúlknaflökki.



Samtal um sorg og áföll í Selfoskirkju

Það hefur reynst mörgum vel sem lent hafa í áföllum eða upplifað missi og sorg að eiga í trúnaði samtali við aðra sem gengið hafa í gegnum svipaða reynslu. Í apríl og maí verður boðið upp á samtali um sorg og áföll í Selfoskirkju. Samveran samanstendur af fimm skiptum. Umsjón með samverunum hefur Guðbjörg Arnardóttir. Samtalið er öllum opið.

Samveran verður í Selfoskirkju eftirtalda daga: Miðvikudagana 10. og 24. apríl, fimmtudaginn 2. maí og miðvikudagana 8. og 15. maí. Samveran hefst kl. 18:00 og stendur yfir í um klukkutíma.

Upplýsingar veitir Guðbjörg Arnardóttir í síma 865 4444 eða á netfanginu gudbjorg.arnardottir@kirkjan.is.



VERKFÆRA-DAGAR

Ertu með réttu tækin fyrir sumarverkin?



**SKANNAÐU
KODANN
OG SJÁÐU
ÖLL TILBOÐIN**

á www.byko.is/verkfaeradagar

**20-50%
AF RAFMAGNS-
OG HANDVERK-
FÆRUM***

á ekki við um garðverkfæri

GRILL-DAGAR

Finndu rétta grillið fyrir sumarið



**SKANNAÐU
KODANN
OG SJÁÐU
ÖLL TILBOÐIN**

á www.byko.is/grillum-saman



PALLARÁÐGJÖF MEÐ SVANFRÍÐI

Svanfríður Hallgrímsdóttir landslagsráðgjafi verður á Selfossi dagana **19. og 20. apríl** með pallaráðgjöf fyrir garðinn þinn. Eftir tímann færð þú senda hugmyndabók með þrívíddarteikningum af fullkomnu afdrepi í garðinum þínum



PANTAÐU TÍMA

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Bit með fyrirvara um prentvillur og/éða myndabrengl.

Mikil og öflug þróun í námsframboði FSu

Ópið hús fór fram í FSu þriðjudaginn 19. mars síðastliðinn en það er einkum sniðið að þeim sem vilja hefja nám við skólann eða kynna sér starfsemi hans. Fín mæting og fín virkni gesta sem dreifðu sér um húsakynni Odda og Hamars þar sem kennarar og námsráðgjafar upplýstu um námsleiðir, línur og brautir skólans.

Á degi Opna hússins kemur skýrt í ljós hversu fjölbreytt námsframboð er í FSu. Þróun þess frá stofnun skólans fyrir 42 árum er afdráttarlaus og skýr. Frá því að vera fjölbrautaskóli samsettur úr iðnskóla, framhaldsdeildum og öldungadeildum – yfir í að vera framhaldsskóli með margbreytilegt og fjölbætt námsframboð. Aðstaða til náms hefur líka tekið miklum breytingum á öllum þessum árum með byggingu Odda og síðar þegar húsnæði Hamars og Iðu var tekið í notkun. Fullyrða má að í skólameistaratið Olgu Lísu Garðarsdóttur hefur þessari

þróun verið fylgt markvisst eftir – enda er það alkunna að breytingar gerast ekki af sjálfu sér.

Í námsframboðinu er að finna fjölbreyttar íþróttaakademíur tengdar fimleikum, frjálsum íþróttum og knattleikjum handa, fóta og körfu og listnám sem hefur vaxið gríðarlega, verknað í margskonar gerðum járnsmíðna í margskonar gerðum járnsmíðna og vélvirkjunar, rafmagns, timburs, hársnyrtingar, matvæla- og ferðageirna, FabLAB,

hefðbundið bóknám til stúdentsprófs á opnum eða skilgreindum línunum í náttúrufræði, félagsgreinum, tungumálum og viðskiptagreinum, sérnámsbraut fyrir fatlaða og nemendur með sérstækar greiningar, hestálina, búfræðilína, og að lokum geysilega fjölbreytt og starfsmiðað garðyrkjunám að Reykjum í Ölfusi.

FSu/jöz



AUTHENTIC PILATES

BYRJENDUR
FRAMHALD
EFTIR MEÐGÖNGU
HVERAGERÐI
8. APRÍL

www.eldrunpilates.com

Óskum eftir starfskrafti!

Starfið felur m.a. í sér að vinna á dráttarvélum, grófum og lyftara. Reynsla æskileg en ekki skilyrði. Fjölbreytt verkefni framundan.

Stráehf
Várentakar
866 6766
stra@strahf.is



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045



Ljósritunarpappír

2500 blöð í kassa | Þyngd pappírs er 80 g
Hágæða Svansvottaður ljósritunarpappír úr sænskum nytjaskógum

Verð per kassa er 6.198 kr. með vsk.

Veittur er góður magnafsláttur - Fáðu tilboð!

Ath. að fyrir 10 kassa er 20% afsláttur og frí heimsending á Selfossi!



☎ 482 1944
📍 Eyravegi 25 - Selfoss
🌐 prentmetoddi.is
✉ selfoss@prentmetoddi.is



Vegna Stjórnarkosninga 2024

Uppstillingarnefnd Bárunnar, stéttarfélags hefur sent frá sér tillögu að lista samkvæmt lögum sem samþykkt voru á aðalfundi 2017. Nefdin leggur fram tillögu að lista til stjórnar og nefnda Bárunnar á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 13. maí 2024. Listi uppstillingarnefndar liggur frammi til kynningar hjá Bárinni, stéttarfélagi á Austurvegi 56, Selfossi og á heimasíðu félagsins frá og með 27.03 2024.

Á aðalfundi Bárunnar, 2024 skal kosið um formann og tvo meðstjórnendur. Varamenn í stjórn (3). Stjórn sjúkrasjóðs, 5 aðalmenn. Úthlutunarnefnd vinnudeilusjóðs 3 aðalmenn og 2 til vara. Kjörstjórn 2 aðalmenn og 2 til vara. Uppstillingarnefnd 3 aðalmenn og 1 til vara. Skoðunarmenn reikninga 2 aðalmenn og 2 til vara.

Frestur til að bjóða sig fra og/eða bera fram aðrar tillögur til uppstillingarnefndar er til og með 30. apríl 2024 og skilist á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56 (3. hæð)



Starf kirkjuvarðar við Hveragerðiskirkju er laus til umsóknar.

Í starfi kirkjuvarðar felst regluleg umsjón með húsnæði safnaðarins, þjónusta við helgihald og viðvera við athafnir, létt þrif í kirkju og önnur tilfallandi störf.

Hæfniskröfur:

Þjónustulund, snyrtimennska, sveigjanleiki.

Umsóknarfrestur er til 26. apríl nk.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur Kolbeins formaður sóknarnefndar Hveragerðissóknar í síma 8972662 og eyjokol@simnet.is



Aðstoðar-kirkjuvörður Selfoskirkju Sóknarnefnd Selfossóknar auglýsir eftir aðstoðar-kirkjuverði við Selfoskirkju í 50% starf.

Auglýst er eftir starfsmanni í stöðuna aðstoðar-kirkjuvörður Selfoskirkju, sem er hlutastarf. Í því felst að leysa kirkjuvörð af í sumarleyfi hans og öðrum tilfallandi forföllum. Ennfremur að leysa hann af aðra hverja helgi allt árið og eftir nánara samkomulagi á öðrum frídögum og helgidögum þjóðkirkjunnar. Einnig felst í þessu vinna á virkum dögum eftir nánara samkomulagi þannig að 50% starfshlutfalli verði náð.

Í starfi aðstoðar-kirkjuvarðar felst umsjón með kirkju, safnaðarheimili, kirkjulóð og kirkjugarði.

Aðstoðar-kirkjuvörður þarf að hafa góða almenna menntun, ásamt tölvu- og enskukunnáttu. Sérstök áhersla er lögð á færni í mannlegum samskiptum, lipurð og sveigjanleika. Hann / hún þarf að búa yfir ríkri þjónustulund.

Óskað er eftir því að umsækjendur geri skriflega grein fyrir menntun, starfsferli og öðru því sem þeir óska að taka fram. Umsækjendur skulu hafa óflekkað mannorð og vera tilbúnir að veita samþykki fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá í samræmi við siðareglur þjóðkirkjunnar.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar um starfið veita Guðmundur Búason gjaldkeri sími: 899-9613 gudbuason@gmail.com og Guðný Sigurðardóttir kirkjuvörður, sími: 482-2175, selfoskirkja@selfoskirkja.is Umsóknarfrestur er til 25. apríl nk. Öllum umsóknum verður svarað. Umsókn sendist til Selfoskirkju:

Sóknarnefnd Selfossóknar
Selfoskirkju
800 Selfoss



Bækurnar koma bara til mín segir lestrarhesturinn Norma E. Sámúelsdóttir

Norma E. Sámúelsdóttir er fædd í Skotlandi, faðir skoskur en móðir íslensk. Ólst upp í vesturbæ Reykjavíkur. Bjó með fyrrverandi eiginmanni og þremur börnum í Breiðholti, síðan í Þingholtunum. Flutti til Hveragerðis árið 2000. Félagi í Myndlistarfélagi. Árnassýslu. Stundar ritstörf og málun. Er amma og langamma níu barna.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Enga sérstaka bók þessa stundina, horfi á áhugaverða þætti á you-tube, hlusta á þætti á RÚV, meðal annars um bókmenntir og frásagnir af fólki meðan ég teikna á blað.

Fékkstu lestraruppeldi í æsku?

Las stelpubækur fyrst, um Öddu, Dóru og auðvitað Nonna bækurnar. Grimms ævintýrin. Man að ég var mikið í litlu bókasafni í Melaskólanum, las þar og las. Kapitola var mikil bók sem ég las í kringum fermingu. Vaknaði snemma áhugi á dulrænum bókum, ævisögum. Lítið gefin fyrir „spennandi“ bækur. Bækur um athyglisbrest og þar má nefna Women with attention deficit disorder eftir Sari Solden. Listaverkabækur og ljóðabækur gríp ég í.

Fjölskyldan bjó hjá afa, kennaramenntuðum vörubústjóra og ættfræðingi, er hafði ungur byrjað að safna bókum, átti um tíma eitt stærsta bókasafn í einkaeign. Dóttir hans og móðir mín las Nýjala Helga Pjeturss, pabbi, útlendingurinn, trúleysinginn og grínistinn, var ALLTAF með poc-ket-book í höndum - ekkert sjónvarp í þá daga - þannig að bækur voru allsstaðar. Það þurfti að fara vel með bækur. Dóttir og dótturdóttirin sáu um að þurrka og viðra hverja einustu bók á vorin. Við það sluppu bræðurnir.

Ég man ekki eftir að mamma hafi lesið fyrir mig, húsmæður höfðu meira að gera áður fyrir enda engar vélar til að létta störfin, en pabbi sagði mér sögur, þó ekki með bók í hönd. Ég bað víst alltaf um að hann segði mér söguna um Jack and the beanstock eða Jóa og baunagrasíð. Skyldi mest allt, skosk-

una, hann talaði með höndunum þegar baunagrasíð stækkaði og stækkaði langt upp í himin. Vænst finnst mér um bók sem ég á enn í dag, sem ömmusystir mín, auntie Nan gaf mér Little folks; Nursery rhymes. Kunni eftirfarandi: Jack and Jill went up the hill – to fetch a pail of water - Jack fell down and broke his crown - and Jill came tumbling after. Pabbi kunni lögin við kvæðin frá því hann var barn – til dæmis London bridge is falling down. Í minningunni sungum við saman.

Hvað einkennir lestrarvenjur þínar?

Ekki mikið að segja um það. Les lítið meðan ég reyni að skrifa. Verð að vera í góðum gir þegar ég les, á erfitt með einbeitingu vegna boðefnaskorts. Margar nýjar bækur sem mig langar að lesa til dæmis nýjstu skáldsögur Steinunnar Sigurðardóttur og Auðar Övu Ólafsdóttur. Les oft á bækur Pjeturs Hafsteins Lárússonar í fésbókinni.


Áttu þér einhverja uppáhaldshöfundu?

Nei, á mér ekki uppáhaldshöfundu, bækur koma bara til mín, finn þær. Ditta mannsbarn eftir Martin Andersen Nexó hafði mikil áhrif á mig á sínum tíma. Lesið þrjár nýlegar bækur undanfarið, Dúnstúlkuna í þokunni eftir Bjarna Bjarnason, Morðin í Dillonshúsi eftir Sigríði Dúu Goldsworthy og Einurð, ljóðabók eftir Draumejju Aradóttur. Fyrir 25-30 árum rakst ég á bók í lítilli prentsmiðju, var að bíða eftir afgreiðslu, bókin heitir Ísmaðurinn og ég mátti taka með mér eintak heim. Hún er eftir Þorstein Antonsson.

Sagan hafði djúp áhrif á mig og tilkynnti ég höfundu það í bréfi. Hvatvís að vanda. Kynntist svo Þorsteini síðar í Hveragerði, höfum verið samferðamenn síðastliðin 24 ár og ég lesið mörg handrita hans og bækur.

Að lokum Norma, hvernig bækur skrifar þú sem rithöfundur?

Af því að ég er rithöfundur svara ég þessari spurningu



öðruvísi. Sá sem hefur staðið í því að skrifa og þekkir umrötið, sköpunina, stressið, gagnrýnina, hrósið, kostnaðinn sem fylgir skrifum og hvernig smátt og smátt árin líða og hvernig það er að skrifa með lítil börn og veikindi, fer svo að átta sig á að það er hægt að gefa út sjálfur ef ekki fæst útgefandi. Hann svarar öðruvísi. Bækur í sjálfsútgáfu eru af fræðingum ekki taldar „ekta“ og ritstýrki því ekki auðsöttir. Það er skiljanlegt að það sé æskilegt að rithöfundar skili forlagi sínu hagnaði. Krimmar eru núna vinsælir hjá íslensku þjóðinni, ekki myndi ég þola álagið sem vinsælustu rithöfundunum er boðið upp á. Þeir verða að skila inn góðu verki hvert einasta ár. Nú eru þeir tímar að hljóðbókin er að taka yfir. Leikarar fá vel borgað fyrir að lesa bækur hjá Storytel, en höfundarnir sjálfir fá lítið sem ekkert.

Ég get enn hlegið að uppátæki mínu fyrir ein jólin, var með bók það ár, lagðist í flensu, opið útvarp þar sem auglýsingar um bækur hljómuðu í eyrum. Datt þá í hug að panta fáorða auglýsingu: Melastelpan! MINNST selda jólabók ársins! Útgefandi. - Hef aldrei heyrt nokkurn „commentera“ á hana. Heyrði hana einhver?

En að lokum langar mig hinsvegar að skrifa stóra bók um eina ætt á 150 ára tímabili. Hef reynt það í mörg ár, en ég held ég velji úr efniviðnum sem kominn er, að þetta verði heimildaskáldsaga um þrjá ætliði, dagnaðarforka með vestfirskan gen, þrjá Valdimara, langafa, afa og bróður minn heitinn.



Tillögur að áhugaverðum Lestrarhestum
berist á netfangið jonzur@gmail.com

Málþing um 16. aldar sálma í Skálholti

„Gef þú oss þinn gæskufrið“ er yfirskrift að málþingi vegna nýrrar útgáfu sálmabóka 16. aldar. Verður það haldið í Skálholtsdómkirkju 7. apríl kl. 14. Í upphafi málþingsins verður minning dr. Karls biskups Sigurbjörnssonar heiðruð en hann er einn helsti hvatamaður að útgáfunni og vann ötullega að því. Hér eru gefnar út saman handbók og sálmabók Marteins biskups Einarssonar, upphaflega prentuð 1555, sálmabók Gísla biskups Jónssonar 1558, en þeir voru báðir biskupar í Skálholti, og loks sálmabók Guðbrandar biskups Þorlákssonar sem kom út á Hólum í Hjaltadal 1589. Sálmabækur Marteins og Gísla innihalda fáeina tugi sálma en í sálmabók Guðbrands eru 343 sálmar. Við 106 sálma í þeirri bók eru nótur við sálmanna og er þetta fyrsta bók sem var prentuð á Íslandi og inniheldur nótur. Útgáfan var því merkur áfangi í íslenskri tónlistarsögu. Hér er að finna fyrstu stóru sálmstöfnin eftir siðbótina og lagði þessi arfur grunn að því sem kom síðar með æ fullkomnari sálmahefð á Íslandi á íslensku. Nægir þar að nefna sr. Hallgrím Pétursson á öldinni þar á eftir en hann

byggði vissulega á þeirri hefð sem komin var.

Sunnudaginn 7. apríl verða liðin 475 ár frá biskupsvígslu Marteins Einarssonar en hann var annar lútherski biskupinn í Skálholti og Gísli Jónsson var eftirmaður hans. Vígsudagur Guðbrandar Þorlákssonar var 8. apríl og minnumst við þess einnig með málþinginu. Kaffiveitingar eru á veitingastaðnum Hvönn í Skálholtsskóla í boði Skálholtsfélagsins hins nýja sem stendur að málþinginu. Einnig er hægt að kaupa sér hádegisverð þar fyrir málþingið. Vegna veitinga er hvatt til skráningar á [skalholt.is](#) en enginn aðgangseyrir er að málþinginu. Messa verður í Skálholtsdómkirkju kl. 11 þennan sunnudag og málþingið fer einnig fram þar í kirkjunni.

Félagar Karls biskups við gerð sálmabókarinnar eru Bragi Halldórsson, Elín Gunnlaugsdóttir, Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, Kristján Eiríksson og Jón Torfason. Útgáfunni verður fagnað með tónlistarflutningi, erindum og umræðum. Gunnlaugur Bjarnason mun syngja og Jón Bjarnason leikur undir og flytur orgelverk.



Hrossaveisla og skemmtikvöld í Hvíta húsinu

Allur ágóði af kvöldinu rennur til Krabbameinsfélagi Árnessýslu

Kiwanisklúbburinn Búrfell á Selfossi ásamt Hvíta húsinu á Selfossi ætla að halda Hrossaveislu og skemmtikvöld síðasta vetrardag, 24. apríl kl. 19. Þar koma fram meðal annars Guðni Ágústsson og Ásmundur Friðriksson ásamt tónlistarat-

riði. Á boðstólum verða hrossabjúgu, saltað hrossakjöt og tilheyrandi meðlæti. Barinn verður opin.

Takið frá kvöldið, kveðjum veturinn með stæl og styrkjum gott málefni í leiðinni.

Miðasala hefst 9. apríl á [hvíta.is](#) og í Mömmumat. Frábært verð 4.900 kr.



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Eystra-Seljaland - nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þremur byggingarreitum að Eystra-Seljalandi, L163760. Stærsti byggingarreiturinn gerir ráð fyrir veitinga- og hótélbyggingu á tveimur hæðum og allt að 2.500 m² og hámarkshæð mænis er 10,5 m. Einnig verður heimilt að byggja starfsmannahús með 40 íbúðum og sex gestahúsum sem verði allt að 150 m² að stærð og hámarkshæð mænis verði 5,5 m.

Bergþórugerði - nýtt deiliskipulag

Lagt er til að gerð verði breyting á deiliskipulagi í Bergþórugerði á Hvolsvelli. Breytingin felst í því að íbúðum í götunni er fjölgað úr 40 í 84. Gert er ráð fyrir 46 íbúðum í 2ja hæða fjölbýlishúsum með risi, 6 íbúðum í þremur parhúsum með risi og 22 íbúðum í einbýlishúsum, þar af 3 á tveimur hæðum með risi og 10 íbúðum í 2ja hæða raðhúsum með risi. Hámarks mænishæð er 7,5m.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 2. apríl 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 15. maí 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Eystra-Seljaland - breyting á aðalskipulagi

Um er að ræða breytingu á landnotkun á jörðinni Eystra-Seljaland, L163760 þar sem 26 ha. verður breytt úr Landbúnaðarland (L) í verslun- og þjónustu (VP).

Bergþórugerði - breyting á aðalskipulagi

Verið er að breyta fjölda íbúða úr 40 í 90 í heild við Bergþórugerði á Hvolsvelli (ÍB9). Skipulagssvæðið helst óbreytt.

Butra - breyting á aðalskipulagi

Tillagan gerir ráð fyrir að um 25 ha. svæði úr landbúnaðarlandi (L1) verði breytt í skógræktarsvæði.

Hægt er að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 2. apríl 2024 með athugasemdarfrest til og með 15. maí 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Leiðréttur auglýsingarfrestur.
Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Álftavatn - nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan nær til tveggja byggingarreitna B1 og B2 í landi Álftavatns, L198192. Á byggingarreit B1 verður heimild fyrir 300 m² íbúðarhús, 500 m² hesthús og 500 m² skemmu. Hámarks-hæð mænis verður allt að 8 m. Á byggingarreit B2 verður heimilt að byggja sex 80 m² gestahús og hámarks mænishæð verður 5 m. Tillagan gerir einnig ráð fyrir 3 ha. skógræktarsvæði við B2.

Barkastaðir - nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir tveimur byggingareitum, annars vegar 4.000 m² hótélbyggingu fyrir 90 gesti og hins vegar 1.500 m² starfsmannahús með möguleika á fastri búsetu. Hótélbyggingin skal vera á tveimur hæðum og allt að 11 m. miðað við gólfkóta jarðhæðar. Starfsmannahúsin eru á einni til tveimur hæðum og mænishæð allt að 7 m.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 27. mars 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 9. maí 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Barkastaðir - breyting á aðalskipulagi

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta 15 ha. landi úr Barkastöðum sem er landbúnaðarland (L2) í verslun- og þjónustusvæði (VP) undir hótél sem rúmar 90 gesti.

Hægt er að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 27. mars 2024 með athugasemdarfrest til og með 9. maí 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Opið hús skipulags- og byggingarfulltrúa verður þann mánudaginn 6. maí frá kl. 10:30 til kl. 13:00 þar sem hægt er að kynna sér ofangreindar tillögur.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
**Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs
Rangárþings eystra**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elsku eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigurborgar Valdimarsdóttir
Tjarnarmóa 4 Selfossi.



Sérstakar þakkir fær starfsfólk Landspítala hjartadeildar 14e og starfsfólk lyflækninga- og göngudeildar HSU Selfossi.

Jón Ólafsson

Þorgeir Jónsson

Ólafur Jónsson

Geirlaug Eva Jónsdóttir

Unnur Ingibjörg Jónsdóttir

Elfar Bergþórsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Erum með úrval af ferskum fisk, villtum reykttum lax, graflax, siginn fisk, kynna fisk, bleikju, fiskibollum, harðfisk og fleira.

Opnunartímar:

Mán - Föst: 11 - 18.30

Laug: 11 - 17.00

Sun: Lokað

Austurvegur 44, Selfossi
sími 7754132, madeinisland.is



Auglýsing um skipulag



Eftirtaldir skipulagstillögur voru samþykktar í bæjarstjórn Ölfuss þann 21. mars sl. Tillögurnar hafðu áður verið samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

Stóragerði - breyting á aðalskipulagi - Skipulagslýsing

Breytingin nær til hluta íbúðarbyggðar Stóragerði (ÍB18) þar sem fyrirhugað er fjölga íbúðum úr 4 í 5 að ósk landeiganda Stóragerði lóð 1 (212987) sem hyggst skipta lóð sinni í tvennt. Þar að auki verður gerð breyting á skilmálum svæðis sem heimilar möguleika á minniháttar atvinnustarfsemi, nú þegar er heimilt að stunda léttan iðnað innan svæðisins.

Hellisheiðarvirkjun - 20. br. á DSK

Breytingin felur í sér hliðrun á hluta borsvæðis, skilgreind lóð og byggingarreitur fyrir nýja dælustöð ásamt breytingu á legu skiljuvatnslagnar.

Hveradalir br. DSK - Lögn suður við Þjóðveg

Breytingin felur í sér heimild til að leggja niðurrennislögn að Gráuhnúkum, meðfram gamla Þjóðveginum og þaðan að borholum nærri Lakahnúkum og borholum nærri Gígahnúk. Lögnin mun verða grafin í jörðu, um leið sem þegar hefur verið raskað og því eru umhverfisáhrif í lágmarki.

Tillögurnar verða til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 16. maí 2024. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@ölfus.is fyrir lok vinnudags þann 16. maí 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið



Rökkvi frá Hvolsvelli og Hrafnkatla frá Hemlu folöld sýningarinnar

Folaldasýning Geysis fór fram sunnudaginn 24. mars. Frábær þátttaka var í sýningunni en 32 folöld voru skráð til leiks.

Eitt af markmiðum Hestamannafélagsins Geysis að rækta reiðhrossastofna héraðsins til meiri fegurðar og kosta. Þar hafa félagar staðið sig gríðarlega vel síðustu ár og ljóst er að framtíðin er verulega björt.

Efstu þrjú hestföloldin:

1. Rökkvi frá Hvolsvelli
F: Spaði frá Stuðlum

M: Frigg frá Hvolsvelli
2. Örn frá Baldurshaga
F: Ellert frá Baldurshaga
M: Halastjarna frá Baldurshaga
3. Greipur frá Árbæ
F: Glampi frá Skeiðháholti
M: Gleði frá Árbæ

Efstu þrjú merfolöldin:

1. Hrafnkatla frá Hemlu
F: Forkur frá Breiðabólstað
M: Hrafnfís frá Hemlu II
2. Aradís frá Miðkoti
F: Fáfñir frá Miðkoti
M: Atorka frá Miðkoti

3. Eldrún frá Miðkoti
F: Fáfñir frá Miðkoti
M: Enja frá Miðkoti

Glæsilegir vinningar voru veittir fyrir efstu 3 folöldin í hverjum flokki ásamt farandgripum fyrir efsta sætið í hvorum flokki.

Reglulega hafa folaldasýningar á vegum deilda Geysis farið fram en þetta var í fyrsta skipti sem félagið sjálf stóð fyrir folaldasýningu. Leitað var til þeirra félaga sem síðast hafa átt efsta Heiðursverðlaunahest og efstu Heiðursverðlaunahrýssuna. Síðasti Heiðursverðlaunahestur ræktaður af Geysisfélagi er Sjóður frá Kirkjubæ en hann hlaut Heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á Landsmóti 2022. Voru það ræktendur Sjóðs, Blesi ehf / Kirkjubæ, sem gáfu þennan bikar og kallast hann því Sjóðsbikarinn. Síðasta heiðursverðlaunahrýssa ræktað af Geysisfélagi er Elísa frá Feti sem er í eigu Takthea á Rauðalæk, fékk því bikarinn nafnið Elísubikarinn. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir.

Folald sýningarinnar var kosið af áhorfendum og gaf Siggí Valur teiknari glæsilega mynd. Það fór svo að folald sýningarinnar var Litli- Rökkvi frá Litlalandi í Ásahreppi og eigandi hennar er Eva Hrönn Ásmundsdóttir.

Við þökkum öllum sem tóku þátt og komu og áttu góðan skemmtilegan dag í Skeiðvangi á Hvolsvelli.

Skemmtinefnd Geysis



Aðalfundur Krabbameinsfélags Árnassýslu

Aðalfundur Krabbameinsfélags Árnassýslu verður haldinn fimmtudaginn 18. apríl 2024 kl. 18:00 í húsnæði deildar að Eyra-vegi 31. Allir velkomnir að koma og kynna sér starf Krabbameinsfélags í Árnassýslu. Hefur það hefur verið ört vaxandi síðustu árin

1. Fundarsetning/kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Kosningar.
4. Önnur mál
5. Léttar veitingar í lok fundar.



Frá sunnlenskum sveitabæjum á fjalir Þjóðleikhússins

Söngleikjadeild söngskólans í Reykjavík var stofnuð í tilefni af 50 ára starfsafmæli skólans haustið 2023. Af sautján nemendum deldarinnar voru fjórir Sunnlendingar sem hófu nám við skólann á fyrsta starfsári hennar, þau Gísella Hannesdóttir og Svala Norðdahl úr Rangárvallasýslu, Hanna Tara Björnsdóttir úr Ölfusi og Óskar Snorri Óskars-son úr Hrunamannahreppi, en auk skólans eiga þau það sameiginlegt að vera frá sunnlenskum sveitabæjum. Dagskráin náði tali af þessum upprennandi „söngleikurum“ sem vinna nú hörðum höndum að því að setja upp söngleikinn Bugsy Malone, sem sýndur verður í Þjóðleikhúsinu í apríl, og fékk að spyrja þau svolítið um sýninguna, námið og þeirra upplifun af því, en öll eru þau á einu máli um að þau mæli hiklaust með hinni nýju söngleikjadeild fyrir öll sem vilji læra að syngja og hafi áhuga á söngleikjum.

Hvernig stóð til að þú sóttir um í söngleikjanámi?

Gísella: Mig langaði að halda áfram með söngnámið mitt og þegar pabbi benti mér á auglýsinguna um nýja söngleikjadeild í Söngskólanum í Reykjavík vissi ég strax að þetta væri eitthvað fyrir mig. Mér fannst líka skemmtilegt að feta í fótspor foreldra minna en þau stunduðu bæði nám við Söngskólann í Reykjavík á sínum tíma.

Hanna: Ég hef alltaf haft mjög mikinn áhuga á söngleikjum. Amma mín var mikill söngleikja aðdáandi og hvatti mig og frændsystkinin mikið í söngnámi og leiklist. Þannig þegar að ég sá að Söngskólinn í Reykjavík var að stofna nýja deild þá varð ég að sækja um.

Svala: Ég hef alltaf haft gríðarlegan áhuga á leik og tónlist, þetta var því bara fullkomin uppskrift af námi fyrir mig.

Óskar: Gísella, vinkona mín, mælti með þessum skóla og þar sem ég hef mikinn áhuga á söng og leik ákvað ég að kýla á þetta.

Hvað finnst þér vera skemmtilegast í náminu? Er þetta eins og þú bjóst við?

Gísella: Ég passaði að gera mér ekki of miklar væntingar þegar ég byrjaði í söngleikjadeild en námið er enn skemmtilegra en ég hafði þorað að vona. Ég hlakka til að mæta í hvern einasta tíma og það er svo gaman að vera umkringd þessum hæfileikabúntum á hverjum degi. Það sem mér finnst skemmtilegast af öllu er að standa fyrir framan fullan sal af fólki og syngja, leika og dansa með vinum mínum.



F.v. Hanna, Gísella, Óskar og Svala. Ljósmynd: Aðsend.

Hanna: Allir hóptímarnir. Mér finnst svo ótrúlega gaman að vera með öllum krökkunum, við erum svo góður hópur og náum svo vel saman. Þetta er mikið skemmtilegra en ég bjóst við. Ég hef aldrei verið í svona tónlistarnámi áður þar sem að það er svona deild.

Svala: Það er algerlega skemmtilegast að setja upp þennan stóra söngleik, en annars hefur hvert skref í þessu námi verið ekkert nema ævintýri!

Óskar: Fólkið og skólaandinn. Ég veit ekki alveg hverju ég bjóst við en þetta er alveg frábært!

Hvaða hlutverk ferð þú með í Bugsy Malone?

Gísella: Ég leik nokkur hlutverk en af þeim er lögrefluforinginn O'Dreary svolítið í uppáhaldi, hann er svo fyndinn.

Hanna: Ég leik þrjú hlutverk; Hnúa, Breið og Velmu. Hnúi er svona stærstur af þeim. Hann er þrjútur Samma feita og hans hægri hönd.

Svala: Ég fer með hlutverk hinnar merku Talluluh.

Óskar: Bugsy Malone.

Hvernig er þessi söngleikur samanborinn við aðra sem þú hefur tekið þátt í?

Gísella: Ég myndi segja að þetta væri stærsti og mest „professional“ söngleikur sem ég hef tekið þátt í og það er mjög gaman hvað allir hafa mikinn metnað fyrir þessu. Ferlið hefur hingað til verið mjög skemmtilegt og ég hlakka svo mikið til að fá að sýna!

Hanna: Þeir eru allir svo ólíkir

og allir svo skemmtilegir á sinn hátt. Ég hef verið í Leikfélagi Hveragerðis í mörg ár og það er mitt heimasvið og smá stressandi að fara þaðan og yfir í Þjóðleikhúsið, en ótrúlega spennandi líka.

Svala: Þetta er hrikalega djúpur og heimspekilegar söngleikur. Söngleikir eiga það rosalega oft til að gleyma eða eyða ekki miklum tíma í alvarleika heldur leita frekar í glamúr og glens. Þessi sýning nær að fanga sorgina og þungan þrátt fyrir að halda glens og glamúrnum.

Óskar: Þetta er í fyrsta skiptið sem ég tek þátt í söngleik

Hverjar eru helstu áskorarnar við það að leika í söngleik?

Gísella: Ég myndi segja að þetta væri stærsti og mest „professional“ söngleikur sem ég hef tekið þátt í og það er mjög gaman hvað allir hafa mikinn metnað fyrir þessu. Ferlið hefur hingað til verið mjög skemmtilegt og ég hlakka svo mikið til að fá að sýna!

Hanna: Að muna að gera allt á sama tíma. Stundum er maður að einbeita sér svo mikið að dansinum að maður gleymir að syngja.

Svala: Helstu áskorarnar við að leika í söngleik eru hreinlega bara að halda orku í gegnum allt ferlið og svo er alls ekkert auðvelt að syngja, dansa og halda karakter á saman tíma.

Óskar: Stærsta áskorun er að púsla öllu saman, þá söng, dans og leik.

Ertu með einhver plön eftir söngleikjanámið?

Gísella: Það eina sem ég hef

ákveðið er að gera eitthvað sem mér finnst skemmtilegt og tónlistin og leiklistin mun því pottþétt koma við sögu á einhvern hátt.

Hanna: Komast á stóra sviðið!

Svala: Plönin mín eftir þetta nám er hreinlega bara að halda áfram að koma mér á framfæri og stunda bæði leik og söng með trompi, og reyna að gera þetta að atvinnu.

Óskar: Ég er á leiðinni í Listaháskóla Íslands í leikaranámið.

Hver er þinn uppáhalds söngleikur?

Gísella: Mér finnst nánast ómögulegt að velja bara einn uppáhalds en Söngvaseiður og Vesalingarnir hafa lengi verið í uppáhaldi. Svo eru Bugsy Malone og Frost í Þjóðleikhúsinu frábærir söngleikir sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara, en ég er kannski ekki alveg hlutlaus.

Hanna: Erfið spurning, en ég myndi segja að einmitt núna væri það Waitress, Newies og að sjálf-sögðu Bugsy Malone

Svala: Minn uppáhalds söngleikur er Jesus christ superstar, en annars finnst mér þessir 80's söngleikir allir magnaðir.

Óskar: Bugsy Malone, allan daginn!

Áttu einhverjar fyrirmyndir úr bransanum?

Gísella: Ein af mínum fyrstu leikhúsminningum er þegar ég fór á Söngvaseið í Borgarleikhúsinu. Þar var Vala Guðna í aðalhlutverki svo hún hefur eiginlega verið Idolíð mitt síðan ég var lítil. Núna er hún söngkennarinn

minn og ég lít ennpá mikið upp til hennar.

Hanna: Þegar maður er í kringum svo hæfileikaríkt fólk á hverjum degi, verð ég að segja þau, þannig ég segi allar yndislegu sálirnar sem eru í og vinna í Bugsy Malone.

Svala: Mín helsta fyrirmynd i bransanum er auðvitað minn heittelskaði kennari Vala Guðna, en annars er Sierra Bogges algerlega mögnuð.

Óskar: Siggi Sigurjóns er minn allra upphálds.

Að lokum: Ef þú gætir ferðast aftur í tímann, hvaða söngleik mundir þú vilja taka þátt í?

Gísella: Þegar ég var lítil var einn af mínum stærstu draumum að leika Regínu í samnefndum söngleik frá árinu 2001 eða Maríu úr Söngvaseið en ég held reyndar að ég hefði gaman af að taka þátt í nánast hvaða söngleik sem er.

Hanna: Ég held að það væri alveg æðislegt að vera í frumsýningunni af einhverri stórsýningu eins og Phantom of the Opera eða Sound of Music.

Svala: Ég myndi hrikalega mikið vilja taka þátt í Vesalingunum þegar þeir voru settir upp hér á Íslandi, þar sem þeir kveiktu áhugann minn hvað mest á söngleikjum.

Óskar: Ég væri til í að taka þátt í söngleikjum Jóns Múla og Jónasar Arnasonar.

Áhugasömum er bent á að tryggja sér miða í tíma, því uppselt er á tvær af þremur sýningum. Miðasalan fer fram á Tix.is.

HGL

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Tölvu- og
snjalltækjapjónusta

Ég kem á staðinn og geri
við tölvuna eða snjalltækið.

Tek að mér verk í
Árnessýslu,
Rangárvallasýslu og
Myrdalshreppi.

Upplýsingar á kynngi.is

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA
FEBSEL

Opin fimmtudaginn
4. apríl kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 4. apríl kl. 14:45.
**Öldungaráð Árborgar
mætir í opið hús.**

Fim. 11. apríl kl. 14:45.

**„Syngjandi sex“
Sönglaðar vinkonur á Selfossi.**

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn

Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari

Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi að Eyravegi 15,
laugardaginn 6. apríl milli
kl. 11-12. Gestur er Ingibjörg
Isakssen alþingismaður. Mun
hún kom inn á orkumál.

Minum á spilakvöldin á
mánudögum kl. 19:30.

KIRKJA

Selfosskirkja

Sunnudagaskóli kl. 11 í umsjá
Sjafnar og leiðtoganna. Messa
klukkan 11. Edit organisti og
kirkjukórinn leiða tónlistina. Séra
Dagur Fannar, héraðsprestur
þjónar.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 með sérstakri
áherslu á vígsludag Marteins
biskups Einarssonar en um
sálma hans og handbók verður
fjallað á málþingi kl. 14 í kirkju-
inni. Altarisganga þennan fyrsta
sunnudag eftir páska. Jón
Bjarnason er organisti. Prestur
sr. Kristján Björnsson, vígslu-
biskup.

TIL SÖLU

Sumardekk

Fjögur stk. notuð 17" sumar-
dekk 225/60R17 munsturdypt
3,5-4 mm. Verð 20.000 kr. Uppl.
í síma 891 7792.



Rósa Traustadóttir. Mynd: Aðsend.

Vorblær í Gallery Listaseli

Rósa Traustadóttir er Lista-
maður mánaðarins í Gallery
Listaseli á Selfossi. Sýningin
Vorblær opnar laugardaginn 6.
apríl kl. 14-17 þar mun lista-
konan taka á móti gestum.

Rósa sýnir vatnslitamyndir

en þeir eiga hug hennar allan,
þeir hafa alltaf heillað hana með
sínu flæði og samruna við vatnið
og pappirinn. Rósa hefur haldið
einkasýningar og tekið þátt í
fjölda samsýninga. Sýningin
stendur til 30. apríl.

„Þetta getur enginn gert nema þjóðkirkjan“

Á ferðum mínum um landið
Á aðdraganda biskupskjörs
rifjast svo ótal margt upp fyrir
mér, úr sögu landsins okkar og
rikulegri menningararfleifð.

Til dæmis sagan Aðventa
eftir Gunnar Gunnarsson, um
Fjalla Bensa, hrúttinn Eitil
og hundinn Leó, sem gerist í
öbyggðum þegar Benedikt leitar
eftirlegukinda í aðdraganda jóla
og lendir í margra daga stórhrið.

Að mínu mati gæti Biskup
Íslands horft til Fjalla Bensa í
mörgu; með að láta sig varða
um þær lifandi sálir sem ekki
hafa öruggt skjól í erfiðum að-
stæðum, sýna þrautseigju og
hugrekki við að halda út þótt á
móti blási, og tileinka sér um-
hyggju til alls sem lifir.

Sauðirnir sem biskup Ís-
lands þarf að uppörva og hlúa
að tengslum við, eru vígðir og
óvígðir þjónar kirkjunnar, fólkið
sem hefur tekið að sér trúnaðar-
sínu.



Þjóðkirkjan er stór og sterk
stofnun. Ég fullyrði að engin
hreyfing í landinu býr að eins
stórum og virkum hópi fólks
í sínum röðum nema ef vera
skyldi björgunarsveitirnar, sem
við eigum svo margt að þakka.
Því þarf að hlúa að söfnuðunum
sjálfum, sem eru grunneining
þjóðkirkjunnar, í sveit og í borg.
Biskup á að fara fyrir því að efla
söfnuðina, styðja þá og styrkja
með öllum ráðum.

Þegar Grindvíkingar hittust
eftir rýmingu bæjarins í Hall-
grímskirkju var haft eftir for-
sætisráðherra: „Þetta getur
enginn gert nema þjóðkirkjan“.
Þetta ættum við þjóðkirkjufólk
að muna betur og taka til okkar.
Byggjum á þeim ríka arfi sem
við eigum og leyfum Jesú Kristi
að vera það leiðarljós sem aldrei
fennir í kaf.

Elínborg Sturludóttir



Ljósmynd: hvolsvollur.is/Þorsteinn Jónsson.

Fimm hljóta styrki úr
Menningarsjóði Rangárbings eystra

Markaðs- og menningar-
Mefnd Rangárbings eystra
veitti á dögumum fimm styrki
úr Menningarsjóði Rangárbings
eystra fyrir vorið 2024, alls
1.250.000.

Midgard Adventure fékk

500.000 króna styrk, Jazz undir
fjöllunum og Sól Hannesdóttir
fengu sithvorar 300.000 kr.,
Rótarýklúbbur Rangæinga fékk
150.000 kr. og Tónlistarskóli
Rangæinga fékk 100.000 króna
styrk.

Alls bárust 8 umsóknir í sjóð-
inn að þessu sinni og óskað var
eftir rúmlega 7,5 milljónum.

Næst verður úthlutað úr
sjóðnum í sept. 2024. HGL



VIÐ ERUM FRAMÚRSKARANDI!



Samkvæmt nýjustu rannsóknum Brandr vísitölunnar þá skorum við frammúrskarandi í samanburði við íslensk fyrirtæki m.a. í þessum þáttum:

- **Reynslumikil á sínu sviði**
- **Gæða þjónusta**
- **Áreiðanleiki**
- **Græn þjónusta**



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límniðar



Stimplar

Lyngháls 1, 110 Rvk 📍 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 📍 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 📍 4 600 700

📧 prentmetoddi.is





Hjólastígur í Reykjafjalli

Meðan eg hefi dvalið á Heilsuhælinu í Hveragerði, reyni eg að fara í lengri göngur um helgar. Oft hefi eg gengið á Reykjafjall og ætíð haft gaman af. Á þessu sinni blasti við mér stígur sem sagður er vera göngu og hjólastígur ef marka má skilti eitt þar sem jafnframt er hvatt til góðrar umgengni. Ekki þykir mér stíga-gerð þessi vera í samræmi við góðar venjur við lagningu slíkra mannvirkja. Víða eru all margar beygjur jafnvel á fremur sléttu landi eða í litlum halla. Þar styt- tir venjulegur göngumaður sér leið með því að fara beinni leiðir og forðast með því óþarfa króka. Víða má sjá að gerðar hafi verið ýmsar hindranir eins og vél- hjólamenn þykja spennandi en henta ekki gangandi fólki. Laus- lega áætlað er að stígur þessi sé

um 5 km að lengd og nær upp að einum hæsta tind Reykjafjalls.

Mér þykir síthvað vera áfátt við stíg þennan. Hann er víða óþarfa brattur og er hætt við að töluverð spjöll verði af einkum í vorleysingum. Efsta jarðlagið sem þiðnar, á til að renna ofan á jarðklaka og má vænta að mikið rask verði af og verði ljótt ásyndar við minnstu yfirferð. Reykjafjallið er móbergssjall þar sem jarðvegur er þunnur og að verulegu leyti mjög gróður- vana ofan kletta. Helst er að rekast á mosa og steinbrjóta sem verður að teljast mjög við- kvæmur gróður.

Nú er mér ekki kunnugt um hvort lagning þessa stígs sé í samræmi og samþykki land- eigenda en vonandi er að svo sé. Líklegt er að drjúgur hluti Reykjafjalls, einkum vestari

hluti fjallsins sé í eigu Garð- yrkjuskólans og þar með ríkis- ins. Það hefði verið betra að vita til þess að verkefni þetta hafi verið samþykkt af viðkomandi yfirvöldum og hafi jafnvel verið borið undir þá nefnd sveitar- tjórnar sem með umhverfismál fara. En líklegt þætti mér að Landvernd þætti miður að sjá þessar framkvæmdir sem aug- ljóslega geta orðið afdrifaríkar fyrir gróðurlítið umhverfi.

Göngu- og hjólastíga ber að leggja í náttúruna með fyllstu nærgætni. Það þarf að hafa fyrir því að gera ráðstafanir með því að bera mól og annað efni sem þörf er á og ræsi lögð þar sem þykir sérlega viðkvæmt til að draga úr áhrifum framkvæmdar og afleiðingum hennar.

Guðjón Jenson



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



PÚLSINN
Raf & kælipjónusta

Sími: 760-5670
pulsinn@pulsinn.com

Kæli & Frystikerfi

- Viðgerðir
- Pjónusta
- Nýsmíði
- Rafmagn

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur / Sjálfskiptur bíll



HSH

Þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792-1727 eða
hshflutningar@gmail.com



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

BRAGA AF VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert 
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir



LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Þreint um allt Suðurland

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN 

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolin.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180 - Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

prentmet 

heildartausnir í prentun

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
Eyravegi 25, Selfossi

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980